# Námsáætlun 2016 - 2017

**Námsgrein: Danska** **Bekkur: 9. bekkur**

Í 9. bekk er lögð áhersla á að auka orðaforða nemenda og efla skilning á rituðu og töluðu máli með viðfangsefnum af ýmsu tagi.
Unnin verða hefðbundin vinnubókaverkefni sem innihalda m.a. eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarverkefni, samræðuverkefni og lesskilningsverkefni.
Hlustunar- og talæfingar verða reglulega og lögð áhersla á framburð og málnotkun. Nemendur skila ritunum reglulega. Í málfræði verður unnið með sagnir (nútíð, þátið- reglulega- og óreglulega) og nafnorð og verða málfræðiæfingar unnar samhliða textavinnu. Nemendur lesa smásögu, horfa á kvikmyndir /þætti, og unnin verða hópverkefni. Fylgst verður með því helsta sem er að gerast í Danmörku og nemendur hvattir til að kynna sér menningu, siði og venjur á Norðurlöndum.
Lögð verður áhersla á að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og séu virkir í námsferli sínu.
Í kennslunni verða eftirfarandi kennsluhættir notaðir: Innlögn kennara, lestur, nemendur/kennari glósa texta, vinna í vinnubókum, talæfingar, hlustunaræfingar , ritun og málfræði. Ýmist er um að ræða einstaklingsnám, paravinnu, samvinnunám og hópvinnu.

| Tímabil | Markmið | Námsefni | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Ágúst | Að nemendur<br>-hafi gott skipulag á gögnum sínum<br><br>-geti tekið þátt í samskiptaleikjum og geti sagt eitthvað um þá sjálfa á dönsku. | Úr smiðju kennara. | Farið verður vel í hversu mikilvægt er að hafa gott skipulag á gögnum sínum. Að öll gögn sem nemendur fá hjá kennara eigi að fara í möppu og að gott skipulag sé á glósum.<br>Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum þar sem þeir þurfa að eiga samskipti við bekkjarsystkin og þurfa að segja eitthvað um sig sjálfa. | Vinnumappa er metin til einkunnar tvisvar á skólaárinu.<br><br>Virkni í tímum. |
| | | | | |
| Sept. – okt. | Að þjálfa nemendur í hlustun, lesskilningi, ritun og töluðu máli. | Smil, lesbók bls. 14-25.<br><br>Smil, vinnubók 26-46. | Nemendur lesa texta og vinna verkefni tengd hættunum í heiminum.<br>Paravinna: Nemendur lesa hvor fyrir annan (gagnvirkur lestur), | Kennari leiðréttir villur fer yfir ritun og gefur einkunn.<br>Munnleg skil: Nemendur segja frá því sem þeir óttast (styðjast við ritun)ýmist í litlum hópum eða fyrir |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Að nemendur:<br>-skilji aðalatriði í samtölum og stuttum frásögnum og geti þannig haldið efnisþræði<br>-tileinki sér orðaforða tengdan hættunum í heiminum og hvernig við tökum á því þegar við óttumst eitthvað.<br><br>-þekki nafnorð í texta og kunni að skrifa þau bæði óákveðin og ákv.<br><br>-geti lesið smásögu sér til ánægju og yndisauka.<br><br>-fái innsýn í danska menningu (þættir og annað efni á vef. | Veraldarvefurinn.<br><br>Grammatik<br><br>Smásagan" Hvem skal lave det kedelige" | þeir ræða svo um innihald textans og velja í sameiningu þemaorð (ný orð, sem þeir lærðu við lesturinn).<br>Verkefni og umræður um viðfangsefnið hverju sinni.<br>Nemendur skila **ritunarverkefni** „Hvad er jeg bange for"<br>Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum þar sem orðaforðinn er festur í sessi.<br><br>Kennari leggur inn málfræðireglur.<br><br>Nemendur eiga að lesa smásöguna heima.<br><br>Hópavinna þar sem nemendur vinna í þriggja manna hópum. Þeir eiga að undirbúa stuttan leikþátt sem er byggður á einni af myndunum á bls. 18-19 í Smil. Hópurinn sýnir bekkjarfélögunum leikþáttinn. | bekkinn.<br><br>Virkni í tímum.<br><br>**Könnun úr bls. 14 -25 í Smil**<br><br>Kennari skoðar hjá hverjum og einum nemenda nafnorðaverkefni.<br><br>Könnun úr smásögu.<br><br>Hópvinna metin (leikrit úr bls. 18-19 í lesbók) þar sem metin er virkni nemenda, efnistök og skil.<br><br>Nemendur taka einnig þátt í matinu. |
| | | | | |
| Nóv.-des. | Að þjálfa nemendur í | Smil , lesbók bls. 26-39 | Textar lesnir (punktalestur | Virkni í tímum metin. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | hlustun, lesskilningi, ritun og töluðu máli.<br>Að nemendur<br>-skilji aðalatriði í samtölum og stuttum frásögnum og geti þannig haldið efnisþræði.<br><br>-læri orðaforða sem tengist fötum.<br><br>Að þjálfa nemendur í að vinna með öðrum (para/hópverkefni)<br><br>Að nemendur<br>-fái innsýn í danska menningu (kvikmyndir,þættir og annað efni á vef<br><br>-tileinki sér fleirtölu nafnorða<br><br>-tileinki sér regluna um nútíð sagna<br><br>-kynnist þátið veikra sagna<br><br>-geti lesið smásögu sér til ánægju og yndisauka<br><br>Nemendur kynnast dönskum borgum og hvað þær hafa upp á að bjóða | Smil, vinnubók bls. 46-71<br><br>Verkefni úr smiðju kennara<br><br>Veraldarvefurinn<br><br>Orðabækur<br><br>Grammatik<br><br>Smásaga „Der var engang“.<br><br>**Borgarverkefni**<br>Paravinna<br>Nemendur fá úthlutað borgum í Danmörku og skipuleggja þriggja daga veru þar (áætla 5 daga vinnu og kynning á 6 degi) | upphátt, nemendur lesa í hljóði, nemendur lesa saman tveir og tveir eða í hópum og beita gagnvirkum lestri).<br>-Nemendur glósa ýmist sjálfir, af töflu eða kennari afhendir glósur.<br><br>-Nemendur vinna í vinnubók samhliða lesbók.<br><br>Nemendur vinna verkefni tengt fötum – þeir búa m.a. til fataauglýsingu.<br><br>Kennari leggur inn málfræðireglur og nemendur vinna verkefni.<br><br>Nemendur lesa smásöguna sjálfstætt heima<br><br>Nemendur kynna borgina í Powerpoint eða sambærilegu forriti | Könnun úr smásögunni.<br><br>Hópverkefni metið til einkunnar<br><br>Málfræðiverkefni metin til einkunnar<br><br>Könnun úr smásögu<br><br>Kynning á borg metin til einkunnar. |
| | **Markmið** | **Námsefni** | **Kennsluhættir/leiðir** | **Námsmat** |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jan.-feb. | Að þjálfa nemendur í hlustun, lesskilningi, ritun og töluðu máli.<br>Að nemendur<br>-skilji aðalatriði í samtölum og stuttum frásögnum og geti þannig haldið efnisþræði<br>-læri orðaforða sem tengist hinum ýmsu samskiptamiðlum.<br><br>-þekki lýsingarorð í texta og kunni að skrifa þau í samkyni og hvorugkyni eintölu og fleirtölu.<br><br>Að nemendur<br>- geti unnið saman í litlum hópum að tilteknu verkefni. | Smil, lesbók bls.40 – 51.<br>Verk.bókbls. 72 - 96<br><br>Verkefni úr smiðju kennara<br><br>Veraldarvefurinn<br><br>Orðabækur<br><br>Kvikmynd<br><br>Grammatik | Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum þar sem orðaforðinn er festur í sessi.<br><br>Nemendur vinna ritunarverkefni tengt kvikmynd. Nemendur flytja það í litlum hópum.<br><br>Heimapróf. | Virkni í tímum<br><br>Ritun leiðrétt, helstu atriði útskýrð og gefin einkunn.<br><br>Kennari gengur á milli hópanna og skráir hjá sér frammistöðu nemenda<br><br>Einkunn gefin fyrir heimapróf. |
| | | | | |
| Mars-apr. | Að þjálfa nemendur í hlustun, lesskilningi, ritun og töluðu máli.<br>Að nemendur<br>-skilji aðalatriði í samtölum og stuttum frásögnum og geti þannig haldið efnisþræði. | Smil lesbók bls. 52 – 61.<br>Vinnubók, B bls.3 -21<br>Verkefni úr smiðju kennara<br><br>Veraldarvefurinn<br><br>Orðabækur | Textar lesnir (punktalestur upphátt, nemendur lesa í hljóði, nemendur lesa saman tveir og tveir eða í hópum og beita gagnvirkum lestri).<br>-Nemendur glósa ýmist sjálfir, af töflu eða kennari afhendir glósur. | Virkni í tímum metin. |

| Tímabil | Markmið | Námsefni | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| | -læri orðaforða sem tengist frægð.<br><br>Að þjálfa nemendur í að vinna með öðrum (para/hópverkefni) | | -Nemendur vinna í vinnubók samhliða lesbók. | |
| | -Nemendur kynnist danskri tónlist og tónlistarfólki . | **Danskt tónlistarfólk.** | Paravinna – Nemendur vinna kynningar á dönsku tónlistarfólki. Skila inn ritun. | Kynning metin til einkunnar. |
| | -Nemendur læri algengar órelgulegar sagnir | Grammatik | Kennari leggur inn málfræðireglur og nemendur vinna verkefni. | Málfræðiverkefni metin til einkunnar<br><br>Verkefni metið. |
| | Að nemendur geti lesið smásögu sér til ánægju og yndisauka | Saga úr „pinligt“ | Nemendur lesa smásöguna sjálfstætt heima. Vinna verkefni í tíma. | |
| **Tímabil** | **Markmið** | **Námsefni** | **Kennsluhættir/leiðir** | **Námsmat** |
| Maí-júní | Að þjálfa nemendur í hlustun, lesskilningi, ritun og töluðu máli.<br><br>Að nemendur<br>-skilji aðalatriði í samtölum og stuttum frásögnum og geti þannig haldið efnisþræði.<br>-tileinki sér orðaforða tengdan Danmörku. | Haldið áfram í Smil<br><br>Verkefni úr smiðju kennara<br><br>Veraldarvefurinn<br><br>Orðabækur | Nemendur lesa texta og vinna verkefni tengd Danmörku.<br>Vinnan fer ýmist fram með innlögn kennara, verkefnavinnu paravinnu, hópvinnu, gagnvirkum lestri. | Virkni í tímum |
| | -fái innsýn í danska menningu (kvikmyndir, þættir og annað efni á vef. | Kvikmynd | Nemendur vinna ritunarverkefni tengt kvikmynd. Nemendur flytja það í litlum hópum. | Ritun leiðrétt, helstu atriði útskýrð og gefin einkunn.<br><br>Kennari gengur á milli hópanna og skráir hjá sér frammistöðu nemenda |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | -Nemendur tileinki sér notkun fleiri óreglulegra sagna<br><br>Að nemendur<br>- geti unnið saman í litlum hópum að tilteknu verkefni.<br><br>- | Grammatik<br><br>Hópverkefni Forlystelsersparker i DK | Kennari leggur inn málfræðireglur og nemendur vinna verkefni.<br><br>Nemendur vinna saman í litlum hópum. Fá úthlutað skemmtigarði í DK. Eiga að útbúa Powerpoint kynningu. Fá einnig spurningar og eiga að svara þeim. Nemendur eiga að skila inn rituðum texta. | Málfræðiverkefni metin til einkunnar<br><br>Kynning og ritun metin. |

| Kennari, netfang |
|---|
| Sonja Dagsdóttir<br>sonjabdags@akmennt.is |